

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 200% álagi í Arnarneshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1969.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

28. febrúar 1969.

Nr. 72.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um holræsi í Sauðárkrókskaupstað,
nr. 162 21. september 1959.****1. gr.****4. grein orðist svo:**

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsa, ber hverjum þeim sem hús á, eða lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til bæjarsjóðs 1.0% af fasteignarmatsverði húss og lóðar, þó aldrei minna en 200.00 kr. af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skolplögn að viðkomandi húseign eða húshluta.

Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.